

6. apríl 2020



Kæru forráðamenn nemenda í Glerárskóla

Það er gott til þess að hugsa að á þessum einkennilegu tímum eigum við skólasamfélag sem stendur saman, er þrautseigt og vinnur af alúð við að halda samfélaginu okkar gangandi. Það hefur verið ómetanlegt að eiga ykkur að, magnað að finna stuðninginn og gott að eiga frábært samstarf.

Framkvæmdir við nýjan leikskóla eru nú hafnar og því verða bílastæði við skólann takmörkuð eftir páskana. Starfsfólk mun leggja bílum á velli sunnan A-álmú. Við óskum eftir því að nemendur gangi eða hjóli í skólann eftir páska en ef bráð nauðsyn er á að forráðamenn komi á bíl til skóla biðjum við ykkur að keyra ekki heim að skólanum þar sem erfiðleikum getur verið háð að snúa við og það getur skapað hættu fyrir börnin.

Eins og alþjóð veit hefur samkomubannið verið framlengt til 4. maí n.k. Eftir páskana hefst skólinn **priðjudaginn 14. apríl** en þá verða örlitlar breytingar hjá okkur í Glerárskóla.

Framkvæmdir við D-álmú fara nú að hefjast og því verður að færa kennslu sem þar er og tæma álmuna. Það þýðir að við getum ekki lengur boðið upp á mat í hádegi fyrir 1. - 3. bekk. Matur verður því eingöngu í boði fyrir nemendur í frístund frá og með 14. apríl n.k. Frístund verður áfram fyrir nemendur í 1. og 2. bekk frá skóla lokum til kl. 15:00 á daginn.

Þar sem enginn matur verður lengur í boði fyrir 1. - 3. bekk í hádeginu verður stytting á viðveru nemenda 1. - 4. bekkjar í skólanum. Skólatími verður sem hér segir:

Árgangur:	Skóladagur hefst klukkan:	Skóladegi lýkur klukkan:
1. bekkur	8:15	11:45 (þá hefst frístund)
2. bekkur	8:25	11:55 (þá hefst frístund)
3. bekkur	8:35	12:05
4. bekkur	8:45	12:15

Kennsla í 5. - 7. bekk mun smám saman færast um set yfir í C og A-álmur skólans. Ekki verður breyting á fyrirkomulagi að öðru leyti, nemendur mæta annan hvern dag, kennarar halda áfram að vinna með nemendum í fjarsambandi og skólatími verður sá sami. Nánari upplýsingar um flutninginn koma eftir páskana.

Kennsla í 8. - 10. bekk verður einnig með sama hætti og fyrir páska eða í fjarkennslu. Eins og þið vitið er erfitt að segja til um hvert framhaldið verður eftir 4. maí en við munum að sjálfsögðu láta vita jafnharðan af öllum breytingum sem verða.

Ef einhverjar breytingar eru hugsaðar af ykkar hálfu á mætingu barnanna eftir páska biðjum við ykkur að láta umsjónarkennara/ritara vita þann 14. apríl n.k.

Við óskum ykkur gleðilegra páska, vonum að þið hafið það öll gott og minnum í leiðinni á 2 metra regluna, að góð hreyfing er gulli betri og að nú ferðumst við innanhúss.

Gleðilega páska.

Kveðja, stjórnendur Glerárskóla